

**Nd.**

**98. Frumvarp til laga**

**[78. mál]**

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Kristján Thorlacius.

**1. gr.**

1. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar barnaverndarráð til fjögurra ára í senn samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila: Kvenfélagasambands Íslands, Læknafélags Íslands, Prestafélags Íslands og Sambands íslenskra barnakennara, einn fulltrúa frá hverjum, en hinn fimmta, formanninn, skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera lögfræðingur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal skipað í barnaverndarráð samkvæmt þessum ákvæðum, þegar starfstímabili núverandi barnaverndarráðs lýkur.

**Greinargerð.**

Með lögum þeim, sem nú gilda um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, var fjölgað í barnaverndarráði úr 3 í 5 og gerð sú breyting á skipun í ráðið, að skipunin var að öllu leyti lögð á vald ráðherra, en samkvæmt lögum, sem áður giltu, nr. 29/1947, skyldi skipa einn fulltrúa eftir tilnefningu Sambands íslenskra barnakennara, annan eftir tilnefningu Prestafélags Íslands, en ráðherra skipaði formann án tilnefningar.

Í barnaverndarráð hafa valizt gegnir menn, og er frv. þetta ekki flutt sem vantraust á störf þeirra. En það yrði barnaverndarráði tvímælalaust styrkur í vandasömu starfi að hafa að baki sér öflug samtök á sviði uppeldis-, heilbrigðis- og menningarmála, eins og hér er lagt til.

Í 6. gr. gildandi laga um vernd barna og ungmenna eru þau skynsamlegu fyrir-mæli, að barnaverndarnefndir skuli að jafnaði skipaðar bæði konum og körlum. Í ákvæðum sömu laga er aftur á móti ekki vikið að því, að konur skuli eiga sæti í barnaverndarráði, enda á þar engin kona sæti. Þetta er misráðið. Barnaverndarmál eru vandasöm og viðkvæm, og á meðferð þeirra geta oltið örlög og hamingja margra manna. Konur eru ekki síður líklegar en karlar til að leggja skynsamlegt til þessara mála, og því er með frumvarpinu lagt til, að Kvenfélagasamband Íslands tilnefni einn fulltrúa í barnaverndarráð. Aðrir aðilar, sem lagt er til að tilnefni fulltrúa, eru Læknafélag Íslands, Prestafélag Íslands og Samband íslenskra barnakennara, og samkvæmt gildandi lögum á barnaverndarráð að ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál.

Kvenfélagasamband Íslands mun væntanlega tilnefna konu í barnaverndarráð, þótt ekki sé það gert að skilyrði, og hinir tilnefningaraðilarnir geta að sjálfsögðu einnig tilnefnt konur í ráðið, ef þeim býður svo við að horfa. Tel ég hvort tveggja mikilsvert, að þau félagssamtök, sem hér eru nefnd, eigi fulltrúa í barnaverndarráði og fylgist þannig á ábyrgan hátt með störfum þess, og svo hitt, að kona, ein eða fleiri, eigi sæti í ráðinu, en það tryggja ákvæði frumvarpsins betur en gildandi lög.

Fr. gerir ráð fyrir, að skipað verði í barnaverndarráð samkvæmt þessum ákvæðum, þegar núverandi skipunartímabili barnaverndarráðs lýkur.